



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Úrskurður 6/2023

ÚRSKURÐUR

Á fundi sem haldinn var 20. júní 2023 fjallaði Úrskurðar- og aganefnd um atvik sem varðar Jón Óskar Jóhannesson, en hann fékk gult spjald frá tveimur dómurum á íþróttamóti hestamannafélagsins Fáks (Reykjavíkurstarvsmóti) sem var haldið dagana 12 - 18 júní 2023 í forkeppni í F2 í 1. flokki á ofangreindu móti, þar sem hann keppti á hrossinu Fljóð frá Eskiholti II.

Málsatvik

Samkvæmt mótaskýrslu og upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér frá yfirdómara þá fólst brot keppandans í því að hnakkur var lagður of aftarlega á hrossið í umrætt sinn, sem er brot á reglu A8.1 en þar segir m.a.:

Hnakkurinn skal vera staðsettur þannig að meirihluti gjarðar hvíli á bringubeininu. Hnakkurinn skal staðsettur þannig á standandi hesti að hann hvorki sitji á herðum hestsins né að þungi hans hvíli á spjaldhryggsvæði hestsins. Sé hnakkur staðsettur of aftarlega má gefa áminningu, og kann parið að hljóta viðurlög samkvæmt viðeigandi keppnisreglum.

Einnig kom fram hjá yfirdómara að hann hafi einnig gefið keppandanum gult spjald og rætt þetta atvik við hann í lok keppnisgreinar og útskýrt hvers vegna keppandanum hafi verið gefið gult spjald í umrætt sinn.

Ekki kom fram í mótaskýrslu hvaða viðurlög keppandi skyldi hljóta og því var atvikið tekið til umfjöllunar á fundi Úrskurðar- og aganefndar 20. júní í þeim tilgangi að ákvarða viðurlög vegna ofangreinds brots, samanber 8. mgr. gr. 4.3 í Reglugerð um mótahald á Íslandi.

Samkvæmt B) lið gr. 4.2.4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi kemur fram að fái keppandi tvö gul spjöld eða fleiri, jafngildi það viðvörun/áminningu. Viðvörun/áminning samkvæmt reglum getur annars vegar verið (i) viðvörun/áminning sem ekki er gerð opinber og (ii) viðvörun/áminning sem er gerð opinber.

Taldi nefndi að brot þetta varðaði viðvörun/áminning sem ekki er gerð opinber og var ákveðið að tilkynna keppandanum það og jafnframt gefa honum færi á því að koma fram sínum athugasemdum eða mótmælum í samræmi við 8. mgr. gr. 4.3 í Reglugerð um mótahald á Íslandi. Var tölvupóstur þess efnis sendur keppandanum 20. júní sl. Engar athugasemdir bárust frá keppandanum.

Niðurstaða

Keppandinn fékk gult spjald frá tveimur dómurum vegna brots á búnaðarreglu, en hnakkur var lagður of aftarlega á hross keppandans í umrætt sinn.

Þessa ákvörðun gat keppandi kært til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir lok viðeigandi keppnisgreinar eins og segir í grein 4.1.2 í Reglum um mótahald á Íslandi. Þar sem keppandi kærði ekki þessa ákvörðun stendur hún óbreytt.



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Samkvæmt B) lið gr. 4.2.4 í Reglugerð skal keppandi sem fær tvö gul spjöld eða fleiri í keppnisgrein fá viðvörun/áminningu. Viðvörun/áminning samkvæmt reglunum getur annars vegar verið (i) viðvörun/áminning sem ekki er gerð opinber og (ii) viðvörun/áminning sem er gerð opinber.

Það er niðurstaða Úrskurðar- og aganefndar að viðurlög við broti þessu skuli vera þau að keppandinn fái viðvörun/áminningu sem ekki er gerð opinber, samanber ákvæði gr. 4.2.3 og 4.2.4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi.

ÚRSKURÐARORÐ

Keppandinn Jón Óskar Jóhannesson fær áminningu sem ekki er gerð opinber.

Reykjavík 26. júní 2023

Ólafur Haraldsson, formaður

María Júlía Rúnarsdóttir

Pétur Örn Sverrisson